



**Sveitarstjórnarfundur 8-2023**  
**Skagabúð 7. desember 2023 kl 13:00**

*Mættir voru: Erla Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Vignir Sveinsson og Bjarney Jónsdóttir.*

*Erla setti fundinn og stjórnaði honum og Bjarney ritaði fundargerð.*

**1. Fjárhagsáætlun -Seinni umræða**

Umræður urðu um fjárhagsáætlun, tekjur árið 2024 eru áætlaðar 120,6 milljónir, niðurstaða reksturs er áætluð neikvæð 8,1 milljón, fjárfestingar í A sjóði eru áætlaðar 50,8 milljónir og lántaka 30 milljónir.

Í áætlunum fyrir 2025 er gert ráð fyrir rekstrarhalla upp á 7,6 milljónir en eftir það snúi hann við og verði jákvæður um 0,8 milljónir fyrir 2026 og jákvæður um 7,4 milljónir fyrir 2027. Fjárfestingar á tímabilinu 2025 til 2027 eru áætlaðar 144,7 milljónir og lántaka 144,7 milljónir. Áætlaðar fjárfestingar á þessum árum felast í varmadæluvæðingu, lagningu klæðningar á heimreiðar og plön, uppbyggingu í Kálfshamarsvík, afréttargirðingum, framkvæmdum við Skagabúð og framkvæmdum við Fjölbrautarskóla Norðurlands Vestra. Fjárhagsáætlun er borin upp og samþykkt samhljóða.

**2. Úrgangsmál**

Fyrir fundinum liggur samningur við Íslenska Gámafélagið um reglulega hirðingu í Skagabyggð á plasti, pappa og blönduðum heimilisúrgangi til 3ja ára og þjónustu varðandi aðra úrgangsflokka. Á íbúafundi í nóvember sýndu íbúar þessari útfærslu mestan áhuga, ákveðið er að festa kaup á þeim sorpílátum sem vantar á bæi.

Oddvita falið að undirrita samninginn og skipuleggja hirðudagatal og birta á heimasíðu sveitarfélagsins eins fljótt og auðið er. Einnig að skipuleggja fræðslu til íbúa.

Fyrir fundinum lágu drög að gjaldskrá, afgreiðslu hennar er frestað til næsta fundar.

**3. Skagabúð**

Fyrir fundinum liggur kostnaðaráætlun vegna lagfæringar á baðherbergjum félagsheimilisins. Samþykkt.

**4. Skipun sameiginlegs vinnuhóps um sameiningarviðræður við Húnabyggð**

Fyrir fundinum liggur tillaga að skipun Skagabyggðar í sameiginlegan vinnuhóp með Húnabyggð til þess að hefja viðræður um fyrirhugaða sameiningu Skagabyggðar og Húnabyggðar. Tillaga er að Bjarney Jónsdóttir, Kolbrún Guðnadóttir, Kristján Heiðmar Kristjánsson og Magnús Björnsson skipi hópinn. Tillagan er samþykkt.

**5. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skagabyggð - seinni umræða**

Fyrir fundinum liggur samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skagabyggð, samþykktin var rædd af sveitarstjórn Skagabyggðar 4/5/2023 og í kjölfarið samþykkt af Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra 30/6/2023, samþykktirnar hafa farið til yfirlestrar hjá ráðuneyti og sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við fyrirbyggjandi samþykkt og samþykkir því hér með að senda hana til birtingar í stjórnartíðindum. Samþykktin er lögð fram og samþykkt samhljóða.

**6. Ósk um framkvæmdaleyfi**

Fyrir fundinum liggur ósk frá Vegagerðinni um framkvæmdaleyfi fyrir grjótnámi til sjóvarna, óskað er eftir efnistöku allt að 1.500 rúmmetrum úr námu Kurfur-ES10 á Skaga, fram kemur að verktími sé um 4-8 vikur en verði lokið 1. maí 2024.

Ósk um framkvæmdaleyfi er hafnað. Sveitastjórn hefur sett grjótnámur nr Kurfur-ES10 og Hvammkot-ES11 ásamt aðkomuvegi í skipulagsferli.



## 7. Þjónustustefna - fyrri umræða

Drög að þjónustustefnu liggur fyrir fundinum, skylda er að vinna þjónustustefnu samhliða fjárhagsáætlunargerð, hún er nú lögð fram til fyrri umræðu. Gerðar voru breytingar á stefnunni og samþykkt að setja hana í umsagnarferli íbúa með birtingu á heimasíðu.

## 8. Bréf

### a) SSNV - Græn skref á Norðurlandi vestra

SSNV hlaut styrk til þess að hefja vinnu með sveitarfélögum að innleiðingu á Grænum skrefum, fyrir liggur tímaætlun. Bréfið er til kynningar.

### b) SSNV - Framlög til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða -C1

Með bréfinu er verið að hvetja sveitarfélög til þess að senda inn umsóknir, umræður voru um mögulegar umsóknir. Ákveðið að athuga með að sækja um.

### c) Samband sveitarfélaga - Ný spá Hagstofu

Með bréfinu er verið að kynna breytta spá um þróun efnahagsmála, gert er ráð fyrir hærri verðbólgu fyrir spátímabilið.

### d) Samband sveitarfélaga - Ósk um þátttöku í verkefni um kostnað og tekjur svf. vegna meðhöndlunar úrgangs.

Sveitarstjórn óskar ekki eftir að taka þátt í þessu verkefni.

### e) Óbyggðanefnd - Kröfur skv þjóðlendulaga

Með bréfinu er óbyggðanefnd að kynna kröfur samkvæmt þjóðlendulögum, frestur til þess að senda inn athugasemdir er til 12. janúar 2024. Sveitarstjórn ályktar og mótmælir kröfunum og þykir ekki eðlilegt að Óbyggðanefnd krefjist eignarlanda jarða í ábúð. Oddvita er falið að koma ályktun á framfæri við Óbyggðanefnd

### f) Markaðsstofa Norðurlands - Minnisblað um flug

Markaðsstofa kynnir mikilvægi þess að dreifa ferðamönnum meira til norðurlands og lykillinn að því að tryggja beint flug til Akureyrar. Óskað er eftir stuðningi við Flugklasaverkefnið sem nemi 300kr per íbúa í 3 ár. Sveitarstjórn samþykkir að veita þann stuðning.

### g) Alþingi - Sveitarstjórnarlög umsagnarferli

Lagt fram til kynningar.

### h) Ljósleiðarinn - Tómas Gíslason

Lagt fram til kynningar.

## 9. Fundargerðir

### a) Fundargerðir 937-938. funda Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerðir voru til kynningar

### b) Fundargerð 100. fundar SSNV 7. nóvember

Fundargerð var til kynningar

### c) Fundargerð 113. stjórnarfundar Norðurár bs 4. desember 2023

Fundargerð var til kynningar

## 10. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt, og fundi slitið kl. 16:43

\_\_\_\_\_  
Vignir Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Magnús Björnsson

\_\_\_\_\_  
Bjarney R Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Erla Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Kristján Steinar Kristjánsson